

Fundur svæðisráðs Norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

Laugum 14. janúar 2011

Mættir: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson frá umhverfisverndarsamtökum, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Soffía Helgadóttir Norðurþingi, og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð. Gestir fundarins voru Þórður Ólafsson framkvæmdastjóri stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir hálendisfulltrúi á Norðursvæði.

Dagskrá:

- Rekstraráætlun
- Deiliskipulag
- Samráðsfundur Norðursvæðis
- Húsnæðismál
- Lagabreytingar
- Önnur mál

- Rekstraráætlun (Þórður/ Hjörleifur)

Þórður fór yfir fjárlagarammann hvað fékkst fyrir þjóðgarðinn allan í rekstur annarvegjar og framkvæmdir hinsvegjar, 2010 (170,5 miljónir í rekstur og 214,8 í framkvæmdir) og 2011 (198 í rekstur og 149 framkvæmdir).

Farið yfir drög að rekstraráætlun 2011 og útkomu 2010. Endanlegar tölur fyrir 2010 liggja ekki fyrir en staðan nú bendir til að Norðursvæði hafi farið lítilega yfir á rekstrarkostnaði, en einnig aukið sértekjur meir en gert var ráð fyrir í áætlun. Áætlun 2011 gerir ráð fyrir mjög svipuðum rekstri og 2010. Lítilsháttar viðbót felst í að staða Hálendisfulltrúa er fjármögnuð fyrir allt árið í stað 9 mánaða. Gert er ráð fyrir sama fjölda landvarða og 2010.

Soffía spyr um tjaldsvæði, og fullyrti að hægt væri að auka sértekjur með því að fjölga rafmagnsstaurum. Þjóðgarðverði falið að athuga rafmagnsmál og hagkvæmni þess að fjölga staurum.

Böðvar gerði athusemd við í liðin „aðrar sértekjur“ væri áætlun 500 þús of lág, miðað við tölur 2010.

Þórður greindi stuttlega frá því hvað hefði verið í umræðunni hjá stjórn varðandi framkvæmdir og spunnust út frá því nokkra umræður.

- Deiliskipulag v. Dettifoss

Böðvar kynnir nýja og flókna stöðu sem tekur til skilnings manna á landamerkjum Skútustaðahrepps og Norðurþings sem einnig eru mörk þjóðgarðs og eignarlands Reykjahlíðar. Í sem stystu máli eru staðreyndir málsins þessar:

- Landamerki þessi eru óumdeild og liggja frá miðjum Dettifossi vestur í topp Eilífs.

- Á kortum hefur þessi lína verið dregin of sunnarlega, m.a. í Aðalskipulagi Kelduneshrepps og á stöðluðum kortagrunni Landmælinga Is-50V. Þetta hefur valdið miskilningi starfsmanna þjóðgarðsins um hvað tilheyri hverjum.
- IS-50V hefur verið notaður til að skilgreina mörk skipulagssvæða í opinberum skipulagsgögnum.
- Þjónustusvæði þjóðgarðsins við bílastæði og fyrirhugaður deiliskipulagsreitur eru sunnan Þjóðgarðsmarka og sést það augljóslega þegar línan er rétt dregin á loftmynd.
- Skipulagsvald á þessari örmjóu kökusneið sem þjónustusvæðið hittir á er óljóst, þar sem sneiðin er hvorki inná uppdráttum aðalskipulags Skútustaðahrepps né á svæðisskipulagi miðhálandisins.

Ljóst er að koma þarf skipulagsvaldi umrædds svæðis á hreint. Næst skref ákveðið að Böðvar athugi hvort Sveitarstjórinn í Skútustaðahreppi geti skrifað bréf til Landmælinga vegna IS-50V og komi þar gildi hans á hreint.

Niðurstaða skipulagsmálum þarf að ligja fyrir í lok febrúar svo hefja megi auglýsingaferli deiliskipulags.

Ákveðið að deiliskipulag taki bara til þjónustusvæðis að svo stöddu, svo ekki sé verið að flækja mál að óþörfu.

- Svæðisársfundur

Böðvar segir frá því að stjórn þjóðgarðsins hafi litist svo vel á hugmynd svæðiráðs um ársfund að hún hafi ákveðið að gera hana að sinni eigin. Stjórn ákvað á síðasta fundi sínum að halda ársfund þjóðgarðsins alls í mars í Snæfellsstofu. Svæðisráð ákvað því að halda samskonar fund og til stóð en kalla hann „Samráðsfund“ laugardaginn 26 febrúar í Gljúfrastofu. Hjörleifur sendi inn drög að dagskrá. Þema var ákveðið að yrði verndaráætlun.

- Húsnæðismál Starfsmanna

Kynnt var hugmynd Þórðar Ólafssonar um lausn á húsnæðisvanda fastráðinna starfsmanna þjóðgarðsins. Almennit leist mönnum vel á að þjóðgarðurinn tæki af skarið í þessum málum og einnig á tillöguna hvað varðar starfsmann í Mývatnssveit.

Meiri umræður spunnust um hugmynd Þórðar í Jökulságljúfrum og leist mönnum ver á það. Ákveðið að Hjörleifur geri lítilsháttar úttekt á þessum málum og skili til Böðvars fyrir næsta stjórnarfund.

- Lagabreytingar

Böðvar kynnir áform um endurskoðun laga um Vatnajökulspjóðgarð. Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs hefur sent umhverfisráðherra bréf og bent á að skv. bráðabrigðaákvæði í lögum um Þjóðgarðinn þá á að endurskoða stjórnunarfyrikomulag hans fyrir 1. janúar 2013. Stjórn telur rétt að sú vinna verði sett í gang. Miklar almennar umræður.

- Önnur Mál

- Ásveita og vandamál henni tengd rædd.
- Vinir Vatnajökuls. Hjörleifur greindi frá óánægju sinni í tengslum við úthlutun Vina Vatnajökuls á styrkjum. Hjörleifur telur að verkefnum hafi verið hafnað á forsendum sem ekki komu fram í upplýsingum um hvað sjóðurinn ætlaði sér að styrkja og hvað ekki. Svæðisráð hvetur til þess að samstarf og samvinna Vatnajökulspjóðgarðs og hollvinasamtakanna verði aukið.